

Höskuldur Þórhallsson (Indlæg)

Fundarstjóri. Kæru norrænu vinir. Þegar við ákváðum að fjalla meira um utanríkismál þá veltum við því að sjálfsögðu fyrir okkur hvar mörkin mundu liggja. Það var út af fyrir sig stórt skref þegar Norðurlandaráð ákvað að álykta um framferði Rússa í Úkraínu en Norðurlandaráð gerði það svo sannarlega og það var mjög ánægjulegt að það skyldi hafa verið gert á sínum tíma.

Við höfum hins vegar staðið frammi fyrir þeirri grundvallarspurningu hvar þessi mörk eigi að liggja. Ég tel það blasa við að með aukinni hnattvæðingu þá dofni þessi mörk og ég held að það sé alveg ljóst, miðað við þá umræðu sem hefur verið hér um flóttamannavandann, að málefni Ísraels og Palestínu eigi mjög vel heima á borði Norðurlandaráðs. Tillagan hefur fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum og við viljum jú einmitt ræða mál sem eru dýnamísk og vekja athygli, en um leið verðum við að gera okkur grein fyrir því að sitt sýnist hverjum. Þannig virkar lýðræðið, að mínu mati.

Ég held að við eigum að hvetja ríkisstjórnir okkar, eins og lagt er til í þessari tillögu, að hvetja og styðja Ísrael og Palestínu til að vinna að friði og sáttum með friðarsamningi sem grundvallast á alþjóðalögum og ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Þannig hljóðaði tillaga mín. En ég er líka sammála því sem kemur hér einnig fram í tillögunni að við beinum því til meðlima ráðsins að hvetja ríkisstjórnir sínar til styðja tveggja ríkja lausn Ísraels og Palestínu og viðurkenna Palestínu sem fullvalda og sjálfstætt ríki þegar það gagnast friðarferlinu best.

Aðalatriðið er að Norðurlandaráð getur haft áhrif og þess vegna vonast ég til að þessi tillaga verði samþykkt.

Ordstyrer. Kære nordiske venner. Da vi besluttede, at vi i højere grad ville behandle udenrigspolitik, da overvejede vi selvfølgelig, hvor grænsen skulle lægges. Det var et stort skridt, da Nordisk Råd vedtog en resolution om Ruslands fremfærd i Ukraine, men Nordisk Råd gjorde det ikke desto mindre, og det var meget glædeligt, at det blev gjort på det tidspunkt.

Derimod har vi stået overfor det principielle spørgsmål om, hvor grænserne bør ligge. Efter min mening er det indlysende, at grænserne toner ud i takt med, at globaliseringen tiltager, og jeg tror, at det står helt klart i lyset af den debat, vi havde om flygtningekrisen, at Israels og Palæstinas anliggender hører hjemme på Nordisk Råds bord. Forslaget har fået meget omtale i medierne, og vi ønsker jo netop at diskutere dynamiske emner, der vækker opsigt, men samtidigt må vi være klare over, at der hersker forskellige meninger om denne sag. Sådan fungerer demokratiet efter min mening.

Jeg anser, at vi bør opfordre vores regeringer til i overensstemmelse med forslaget at støtte Israel og Palæstina i arbejdet for fred og forsoning med en fredsftale, der bygger på international lov og FN's resolutioner. Sådan lød mit forslag. Men jeg er også enig i, som også fremgår af forslaget, at vi anbefaler rådets medlemmer, at de opfordrer deres respektive regeringer til at støtte en tostatsløsning mellem Israel og Palæstina og anerkende Palæstina som en suveræn og selvstændig stat, når det gavner fredsprocessen.

Det vigtigste er, at Nordisk Råd kan have indflydelse, og derfor håber jeg, at forslaget bliver vedtaget.

Information

Tal nummer

320

Typ

Indlæg

Person

[Höskuldur Þórhallsson](#)

Speaker role

Midtergruppen

Datum

28.10.15 22:21

